**Nd. 332. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á vegalögunum.

Frá Veganefndinni.

1. Við fyrsta lið:
   Í stað orðanna »vegalögin — flutningabrauta« skal koma:
   flokkun þá til viðhalds á vegum, sem er í vegalögunum 22. nóv. 1907.
2. Úr öðrum lið skal fella: »sýslu« framan af orðinu *sýsluvegum*; ennfremur »og flutningabrautum — sýslufjelögunum«.
3. Bæta skal við tillöguna svohljóðandi 3. lið:
   Að taka til íhugunar, hvort eigi sje tímabært að breyta vegagerðaraðferð á vegum þeim, sem landssjóður kostar að nokkru eða öllu leyti, sjerstaklega, hvort eigi beri að hafa vegina undirgrýtta (»púkkaða«), og leggja fyrir næsta þing skýrslur landsverkfræðings og álit um kostnað við slíka gerð á vegum, samanborið við þá vegagerðaraðferð, sem nú tíðkast, og um haldgæði þeirra ásamt tillögum landsstjórnarinnar um þetta efni.